



*Helga Guðbjörg
Sigvaldadóttir*

Fædd 30. júlí 1950

Dáinn 21. júní 2021



*Útför frá Akraneskirku
föstudaginn 2. júlí 2021*

FORSPIL

BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphelðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams – Matthías Jochumsson

RITNINGARORÐ

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum;
þú smyr höfuð mitt með olíu;
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur

RITNINGARORÐ

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er ver.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir hjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið, líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Fundið stað, sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin,
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir hjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið, líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar
ég reyndar sé þig allstaðar,
þá napurt er, það nærðir hér og nístir mig.
Jóhann Helgason – Vilhjálmur Vilhjálmsson

GUÐSPJALL

EINSÖNGUR

Hallelúja

Leonard Cohen – Jóhanna Karlsdóttir

MINNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Umvaðin englum

Sarah McLachlan – Valgeir Skagfjörð

BÆN / FAÐIR VOR

TÓNLIST

Ave Maria

Sigvaldi Kaldalóns – Indriði Einarsson



MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður þjótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Ég er kominn heim

Emmerich Kálman – Jón Sigurðsson

Prestur: Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Einsöngur: Rakel Pálsdóttir

Kammerkór Akraneskirkju

Útfararþjónusta Akraneskirkju

***Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug og bjóða kirkjugestum að þiggja
veitingar í safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***